


# Faghópur um starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar

Lokaskýrsla – Tillögur um aðgerðir



Hafnarfjörður maí 2019

# Efnisyfirlit

Lokaskýrsla – Tillögur um aðgerðir	0
Hafnarfjörður maí 2019	0
Töfluskrá	2
Myndaskrá	2
Inngangur	3
1. Hlutverk hópsins og helstu tillögur	4
2. Þróun og framtíðarsýn um vistunartíma barna	4
3. Stærð barnahópa	6
4. Veikindaafleysing í leikskólum Hafnarfjarðar	7
5. Getur sveigjanlegur vinnutími komið í veg fyrir togstreitu á milli vinnu og einkalífs?	9
6. Breytingar á barngildisviðmiðum	10
7. Aukið fjármagn vegna lágs fagshlutfalls	10
8. Vinnuskipulag leikskóla verði sambærilegt öðrum skólastigum	11
9. Móttaka nýliða efld - handleiðsla og stuðningur	13
10. Hljóðvist í leikskólum	14
11. Tillaga um gjaldfrjálsan leikskóla	14
12. Málþing	15
Lokaorð	15
Heimildaskrá	17
Viðauki 1 - Erindisbréf	18
Viðauki 2 – Auglýsing vegna málþings	20
Viðauki 3 – Vistunartími barna	21
Viðauki 4 – Könnun meðal foreldra/forráðamanna leikskólabarna um viðhorf til starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs	22

## Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi dvalarstunda í leikskólum Hafnarfjarðar í febrúar 2019. Heimild: Karellen .....	5
Tafla 2. Veikindi í leikskólum 2016-2018 (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár). .....	7
Tafla 3. Veikindi í leikskólum án veikinda barna (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár). .....	8
Tafla 4. Veikindi í leikskólum án langtímaveikinda og veikinda barna (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár). .....	8
Tafla 5. Alls fjöldi starfsmanna í leikskólum, fjöldi þeirra sem voru í fríi og fjöldi þeirra sem voru í vinnu milli jóla og nýárs .....	12
Tafla 6. Úr leikskólalíkani: Breyting á stjórnendahlutfalli aðstoðarleikskólastjóra .....	13
Tafla 7. Meðalaldur leikskólakennara í Hafnarfirði apríl 2019 .....	16

## Myndaskrá

Mynd 1. Forsendur leikskóla til þess að geta boðið sveigjanlegan vinnutíma .....	9
--	---

# Inngangur

Leikskólinn er samkvæmt gildandi lögum á Íslandi fyrsta skólastigið og mikilvægur hlekkur í samfelldu námi frá leikskólastigi að háskólastigi.

Á undanförunum misserum hefur mikið verið fjallað um starfsaðstæður í leikskóla og hafa æ fleiri sveitarfélög leitast við að fara inn í þá umræðu. Eitt af sjónarhornum þeirrar umræðu hefur verið að kappkosta við að búa börnum og starfsfólki leikskóla betri aðstæður þar til náms og starfa.

Kennarastarfið í leikskóla er krefjandi starf og huga þarf betur að starfsfólkinu svo það geti eftir fremsta megni sinnt starfi sínu vel og gæði leikskólastarfsins verði sem mest. Einnig er afar mikilvægt að geta metið stöðu barna út frá því hvernig umhverfi þeirra í leikskólanum er úr garði gert, að það stuðli að vellíðan þeirra og þroska. Fjölmargar áskoranir eru á þessu fyrsta skólastigi, þar má nefna sífellt lengri vistunartíma, fækkun faglærðs starfsfólks og fjölbreyttari samsetning barnahópa. Einnig er sífellt aukning í meiri áherslu á skráningar og verkefni sem þarfnast mikils skipulags.

Í ljósi umræðunnar þá hefur leikskólinn átt í vök að verjast en nú að undanförunu hafa sveitarfélög stigið skref í þá átt að bæta náms- og starfsaðstæður barna og starfsfólks og er það vel.

Hér er að nýju lagt af stað með skýrslu um bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar sem er framhald af þeirri fyrri sem kom út í júlí 2018 og var afrakstur vinnu starfshóps sem vann frá des 2017 til maí 2018.

Ákveðið var í samráði við kjörna fulltrúa bæjarins að halda af staða að nýju þar sem tillögur frá fyrri starfshóp þyrftu nánari skoðun og frekari hugmyndir að útfærslum nauðsynlegar ásamt því að skoða mögulega fleiri tillögur.

Óskað var eftir leikskólakennurum úr leikskólum Hafnarfjarðar til þess að vinna að þessum tillögum, sem hefðu til þess sérfræðipækkingu á starfsaðstæðum leikskóla og leikskólalífínu almennt.

Fræðsluráð skipaði því faghóp um áframhaldandi vinnu um bættar starfsaðstæður í leikskóla þann 10. október 2018 og á þeim fundi var jafnframt lagt fram erindiðbréf.

Faghópin skipuðu:

- Ásgerður Kristjánsdóttir sérkennslustjóri í leikskóla
- Faney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu
- Hulda Snæberg Hauksdóttir, leikskólastjóri
- Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla og verkefnisstjóri faghópsins.
- Linda Björk Halldórsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

# 1. Hlutverk hópsins og helstu tillögur

Hlutverk hópsins var að vinna áfram með þær tillögur sem lagðar voru fram í skýrslu starfshóps um starfsaðstæður í leikskólum frá 2018. Verkefni hans var að koma með fleiri nálganir sem stuðla að bættum starfsaðstæðum í leikskólum fyrir börn og starfsfólk með það að markmiði að gera leikskólastarfið enn eftirsóknarverðara og auka gæði skólastarfsins.

## Helstu verkefni:

- Að skoða þróun vistunartíma barna og móta framtíðarsýn um vistunartíma barna á leikskólum. (Tölur frá Hagstofu frá 1998-2016 og niðurstaða OECD skýrslu hafðar til hliðsjónar).
- Að stærð barnahópa verði skoðuð og þær afleiðingar, sem fylgir því að vera í litlu rými löngum stundum, hefur á álag.
- Að skoða breytingar á barngildisviðmiðum hjá 4 og 5 ára börnum.
- Að skoða tillögu um gjaldfrjálsan leikskóla.
- Að skoða hugmyndir um að vinnutími leikskólakennara verði sambærilegur því sem er á öðrum skólástigum og leggja fram tillögur eftir því sem á við.
- Að leggja til sértækar aðgerðir til að tryggja stöðugleika í starfsmannahópum.
- Að leggja fram tillögur um hvernig móttaka nýliða verði eflað.
- Að leggja fram tillögur um handleiðslu og aukinn stuðning við nýja starfsmenn leikskóla.
- Að leggja fram sjónarmið um forgangsörðun verkefna í leikskólum með það að markmiði að draga úr álagi.

Hópurinn fundaði alls 12 sinnum á tímabilinu. Fyrsti fundur var haldinn 25. október og sá síðasti þann 16. maí þar sem lokahönd var lögð á skýrsluna sem hér lítur dagsins ljós.

Hópurinn leitaði til Guðmundar Sverrissonar deildarstjóra hagdeildar og Haraldar Eggertssonar verkefnastjóra á mannauðssviði sem tóku saman gögn sem gerð verða skil í skýrslunni.

Erindisbréf faghópsins má finna í viðauka 1.

Faghópurinn var sammála um að vinna fyrri starfshóps væri góð og hafi skilaði miklu. Auk þess sem að undirbúningur og forvinna hans hafi auðveldað störf hópsins. Hópurinn var sammála um að nýja rýmisáætlunin sem tók gildi í ágúst 2018 hafi haft gríðarleg áhrif til góðs og sú nálgun sem farin var varðandi dagana milli jóla og nýárs einnig.

Hópurinn valdi að forgangsraða ákveðnum þáttum í erindisbréfinu. Verða þeir tíundaðir hér síðar.

## 2. Þróun og framtíðarsýn um vistunartíma barna

Langur vistunartími sem við stöndum frammi fyrir í leikskólunum í dag er stórt mál sem mikilvægt er að ávarpa og upplýsa samfélagið um. Vinnutími fólks á vinnumarkaði eru 40 klst á viku en vistunartími barna í leikskóla á viku er allt að 45 stundir. Hópurinn er sammála um að við sem fagfólk þurfum að vera raddir barnanna og gæta hagsmuna þeirra á þeim forsendum að þau séu ekki að „vinna“ lengri vinnutíma en foreldrarnir.

Samkvæmt skýrslu OECD og getið er í fyrri skýrslu (bls. 10) þá dvelja íslensk börn mun lengur í leikskóla yfir daginn en í öðrum þeim löndum sem skýrslan nær yfir.

Í rannsókn Örnú H. Jónsdóttur o.fl. frá 2013 kemur fram að kennarar hafa af því áhyggjur að dvalartími barna sé of langur og börn séu útkeyrð í lok dags. „Þau þurfa að geta dvalið skemur í leikskólanum og verja meiri tíma almennt með foreldrum sínum“ (Netla, 2013, bls. 7).

Tvenns konar sjónarmið hafa legið frammi hvað varðar langtímarannsóknir á áhrifum leikskólavalar á börn. Annars vegar hafa rannsakendur áhyggjur af því að löng dvöl ungra barna geti rofið tengslamyndun barna og foreldra og leitt til hegðunarerfiðleika síðar meir. Einnig er ástæða til að nefna rannsóknir sem hafa verið að mæla magn kortisóls hjá leikskólabörnum en þær hafa verið í tengingunni við umræðuna um leikskólabyrjun og langa dvöl hjá yngstu börnunum í leikskólum hér á landi. Magn kortisóls í líkamanum er í auknu mæli notað sem vísbending um álag og streitu, bæði hjá börnum og fullorðnum. Þessar mælingar hafa leitt í ljós að að þau börn sem dvelja langdvölum utan heimilis hafa meira magn af þessu efni en þau börn sem eru heima hjá foreldrum sínum (Netla, 2013 bls. 5-7).

#### HAFNARFJARÐARBÆR

Árgangar	Dvalarstundir													Samtals	Barngildi	Dvalarstundir	Dvalargildi
	<4,5	5	5,5	6	6,5	7	7,5	8	8,5	9	9,5	10	10<				
1000	0	0	0	1	0	0	0	1	1	0	0	0	0	3	0,00	22,50	0,00
2013	0	2	1	1	2	4	13	75	128	97	11	0	0	334	0,80	2.825,50	2.260,40
2014	2	0	1	4	10	10	27	100	137	77	15	0	0	383	1,00	3.176,00	3.176,00
2015	0	1	1	3	3	11	14	86	137	109	4	0	0	369	1,30	3.101,50	4.031,95
2016	3	2	0	4	1	18	26	101	131	59	9	0	0	354	1,60	2.913,00	4.660,80
2017	7	1	0	3	2	8	8	57	49	30	2	0	0	167	2,00	1.345,00	2.690,00
2018	0	0	0	0	0	0	2	4	2	0	0	0	0	8	2,00	64,00	128,00
Alls	12	6	3	16	18	51	90	424	585	372	41	0	0	1618	8,7	13447,5	16947,15

Tafla 1. Fjöldi dvalarstunda í leikskólum Hafnarfjarðar í febrúar 2019. Heimild: Karellen

Hér má sjá dvalarstundir barna í leikskólum Hafnarfjarðar. Taflan sýnir heildarfjölda barna sem dvelja í leikskólum í febrúar 2019. Einnig sést hver fjöldi barna er í leikskólum á hverjum tíma. Sem dæmi þá eru um 25% barna sem eru 9 tíma eða lengur í leikskóla á dag eða alls 413 börn fædd á árunum 2013-2017. Þessi börn dvelja í leikskólum alls 45 stundir eða meira á viku. Flest dvelja börnin í 8,5 klst. á dag eða 585 talsins. Það gera 42,5 stundir á viku hjá rúmlega þriðjungi barnanna. Alls eru það því yfir 60% barna í leikskólum Hafnarfjarðar sem hafa meira en 40 stunda „vinnuviku“ þar.

Starfsemi og skipulag leikskólastarfs skal taka mið af aldri, þörfum og hagsmunum barna með sérstöku tilliti til daglegs dvalartíma. Samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla frá 2009 segir í 8 grein. um dvalartíma barna að æskilegt sé að dvalartími barna í leikskóla sé að jafnaði ekki lengri en níu klukkustundir á dag og gera skal ráð fyrir að börn fái a.m.k. fjögurra vikna sumarleyfi.

Hópurinn veltir fyrir sér þeim möguleika að stytta dvalartíma barns með því að foreldrum væri gefinn meiri sveigjanleiki á vistunartímanum. Núverandi fyrirkomulag gefur ekki mikið svigrúm til sveigjanleika og leggur hópurinn því til að hægt verði að bjóða upp á mismunandi vistunartíma eftir vikudögum. Dæmi: til kl. 13:30 á miðvikudögum en til kl. 16:00 aðra daga. Sama fyrirkomulag yrði varðandi mánaðaruppsögn.

#### Tillaga hópsins:

Að vistunartími barna í leikskólum Hafnarfjarðar verði stytur.

Að leikskólar Hafnarfjarðar loki kl. 16:30 á daginn.

Að börn frá 15-24 mánaða aldri séu einungis með vistunartíma til kl. 16:00.

Að sá möguleiki verði skoðaður að það geti verið „sveigjanlegur“ vistunartími, en þó ávallt eins á sama vikudegi – sama fyrirkomulag myndi gilda líkt og varðandi uppsögn, þ.e. eins mánaða fyrirvari.

### 3. Stærð barnahópa

Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri hefur skoðað stærð barnahópa töluvert. Hún segir að það sé afar mikilvægt að börnin séu ekki í of stórum hópum. Það þarf að gæta þess að verkefni og þær vinnustundir sem skipulagðar eru séu þannig úr garði gerðar að börnin fái tækifæri til að upplifa sig sem verðugan þátttakanda í hópi. Börn verða að fá mörg tækifæri yfir daginn til þess að vera í litlum hópum og að rýmið sé skipulagt þannig að það haldi utan um þau og auki vellíðan og ró (Kristín Dýrfjörð, 2016).

Hrönn Pálmadóttir dósent við Háskóla Íslands fjallar um yngstu börnin í doktorsritgerð sinni og talar þar m.a. um gildi þess að vera vakandi fyrir tjáningu barna og hvernig óyrt tjáning er hluti af þroska barna og þar með töldum málþroska. Hún bendir á mikilvægi þess að leikskólakennarar séu í núinu með börnunum, séu vakandi fyrir og séu styðjandi við samskipti barnanna (Hrönn Pálmadóttir, 2015).

Af þessu má ráða að til að forsendur þess að þetta geti verið þarf nægur starfsmannafjöldi að vera til staðar. Það verður að vera mögulegt að skipta börnum í minni hópa, þar sem hverju og einu barni gefst tækifæri til að tjá sig, hlusta á aðra og vera það barn sem hlustað er á. Ein forsendan er einnig að hugað sé að hljóðumhverfinu. Það að skipta börnum í minni hópa er einnig leið til þess að minnka hljóðmengun (sjá kafla 10 um hljóðvist í leikskólum). Börn sem eru á máltöku aldri og eru einmitt að læra að greina á milli hljóða þurfa að vera í góðu hljóðumhverfi. Hægt er að velta fyrir sér hvort það sé æskilegt eða teljist til gæða þegar að á litlu svæði eru mörg ung börn sem liggur jafnvel hátt rómur og sem tjá sig í gegn um hróp og köll. Þegar allt er talið til skiptir miklu að þeir sem starfa í leikskólum viti sem mest um yngstu börnin, þarfir þeirra og þroska (Kristín Dýrfjörð, 2016).

Haustið 2018 tók ný rýmisáætlun gildi í leikskólum Hafnarfjarðar. Það var gert eftir að reiknuð höfðu verið upp rými í leikskólunum sem teljast til þess leikrýmis sem börnin hafa að jafnaði aðgang að til leiks allan daginn (Hafnarfjarðarkaupstaður, 2018a). Þetta hafði í för með sér fækkun í ákveðnum leikskólum bæjarins.

Mikið hefur verið í umræðunni þessi stöðuga starfsmannavelta sem leikskólarnir glíma við. Mikilvægt er að skoða út frá því hversu mikil áhrif það hefur á börn. Sigrún Daníelsdóttir verkefnastjóri landlæknisembættisins hélt erindi á ráðstefnu á vegum heilbrigðisráðuneytisins í mars 2019. Hjá henni kom fram að vitað er að það hefur ekki góð áhrif á börnin en við vitum ekki hins vegar hversu mikil áhrif það hefur (Sigrún Daníelsdóttir, munnleg heimild, 2019).

Út frá þessum niðurstöðum leggur faghópurinn áherslu á að að ekki séu of mörg börn á hverri deild. Það þarf að huga að vellíðan leikskólabarna og það gerum við með því að hafa barnahópa ekki of stóra þannig að hvert barn fái notið sín. Mikilvægt er einnig að lóðir leikskólanna séu skoðaðar út frá stærð barnahópa svo hægt verði að bjóða börnum upp á sem bestar aðstæður í útinámi.

#### Tillaga hópsins:

Að innra skipulag skólastarfsins ásamt húsnæði og lóðum sé skoðað sérstaklega út frá stærð barnahópa svo hægt verði að bjóða börnum og starfsfólki gott lærdómsumhverfi.

Að leikskólarnir skoði innra skipulag sitt m.t.t. nýtingu rýma og útsvæða

Að komið sé í veg fyrir að barnahópar verði of stórir.

## 4. Veikindaafleysing í leikskólum Hafnarfjarðar


Á nánast öllum fundum faghópsins ræddi hann og viðraði áhyggjur af miklum veikindum almennt í leikskólunum. Árið 2015 var afleysingaprósentan lækkuð úr 8,33% í 6,33% hjá bænum og fundu margir skólar fyrir því en þessi lækking kom til vegna hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins.

Hópurinn velti ýmsum spurningum fyrir sér; eins og t.d. hvort aukin afleysingaprósenta sé það sem við þurfum eða heldur að fara aðrar leiðir? Umræðan gagnvart veikindum er yfirleitt af neikvæðum toga og var faghópurinn sammála um að það þurfi að draga úr veikindaumræðunni og setja frekar athygli á þá sem frískir eru og mættir til vinnu.

Hópurinn óskaði eftir útreikningi frá Haraldi Eggertssyni verkefnastjóra launadeildar og tók hann saman öll veikindi í leikskólum árin 2016, 2017 og 2018 (sjá töflu 2). Byggja þessar tölur á gögnum úr launakerfi sveitarfélagsins og skráningum úr Vinnustund.


Niðurstöðurnar sýna að veikindaafleysingin sem reiknuð er inn í skólana nær ekki að leysa veikindi í þeim skólum þar sem þau fara um og yfir 10%. Þar sem aðstæður eru slíkar þá gefur augaleið að álagið verður mikið. Einnig má nefna sérstaklega langtímaveikindi því við þær aðstæður getur reynst erfitt að ráða fólk tímabundið inn, en langtímaveikindi geta talið allt frá 4 vikum og upp í 9-12 mánuði.

Starfsmenn leikskóla geta þurft að vinna ýmist frá kl. 8-16 eða kl. 9-17 eftir vikum. Lausleg greining á slíkum vinnutíma virðist benda til þess að veikindi starfsmanna séu frekar eða meiri í þeim vikum sem þeir vinna frá kl. 9-17 en frá kl. 8-16. Þetta gæti þurft að skoða frekar.




Tafla 2. Veikindi í leikskólum 2016-2018 (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár).





Tafla 3. Veikindi í leikskólum án veikinda barna (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár).



Tafla 4. Veikindi í leikskólum án langtímaveikinda og veikinda barna (2016 gulur, 2017 rauður, 2018 blár).

Við skoðun á þessum niðurstöðum þá mætti ætla að kostnaður vegna veikinda starfsfólks sé umtalsverður. Faghópurinn velti fyrir sér t.d. verkefninu heilsueflandi Hafnarfjörður, hvort að þar væru tækifæri sem væru styðjandi út frá því markmiði að draga úr veikindum. Ávinningur af slíku starfi er t.d. að hafa áhrif í leikskólanum Smáralundi sem er heilsueflandi leikskóli. Þar er góður starfsandi ríkjandi og fjarvistir vegna veikinda eru í lágmarki.


### Tillaga hópsins:

- Að skoðuð verði nánar veikindin í leikskólum Hafnarfjarðar og hvað veldur þeim.
- Að gerð verði greining á því hvað er hægt að gera til þess að sporna við tíðum veikindum starfsfólks.
- Að finna leiðir til þess að draga úr fjarvistum vegna veikinda.

## 5. Getur sveigjanlegur vinnutími komið í veg fyrir togstreitu á milli vinnu og einkalífs?

Út frá niðurstöðunni um fjarvistir vegna veikinda ræddi hópurinn og íhugaði. Hópurinn ræddi um að vinnutíminn geti verið aðlaðandi þannig að eftirsóknarverðara væri að vinna í leikskóla. Að sveigjanleiki væri í vinnuskipulaginu en alltaf út frá hentugleika hvers leikskóla. Lykilþættir í slíku skipulagi yrði ávallt að vera út frá ákveðnum forsendum sem leikskólastjóri setur.

Erfitt getur verið að koma til móts við starfsfólk við „að skreppa frá“ til þess að sinna einkaerindum. En með því að veita starfsfólki tvo tíma í afslátt af vinnuvikunni gæti það leysts. Það kemur fyrir að fólk þarf að fara á vinnutíma til þess að sinna erindum sem eru innan vinnuramma fólks. Rannsóknir hafa sýnt fram á að meiri starfsánægja er á þeim vinnustöðum þar sem boðið er upp á sveigjanleika.



Mynd 1. Forsendur leikskóla til þess að geta boðið sveigjanlegan vinnutíma

**Tillaga hópsins:**

Að leikskólastjórar fái svigrúm til þess að skipuleggja sveigjanlegan vinnutíma og aðlaga að starfsumhverfi leikskólans.

## 6. Breytingar á barngildisviðmiðum

Í skýrslu frá fyrri starfshóp segir að „í umræðunni í leikskólum Hafnarfjarðar hefur komið skýrt fram að leikskólakennarar og starfsfólk hafa um langa hríð kallað eftir því að það þyrfti að fækka börnum á deildum. Að mati margra er álag einn stærsti vandinn sem leikskólastarfið stendur frammi fyrir sem m.a. er komið til vegna manneklu, of margra barna á hvern starfsmann og síðast en ekki síst mikils skorts á faglærðu starfsfólki“ (Hafnarfjarðarkaupstaður, 2018a, bls. 8).

Út frá umræðunni um veikindin var faghópurinn sammála um það að horfa frekar á breytingu á barngildisviðmiðum, sem eru:

- 5 ára barn 1 barngildi, þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi
- 4 ára barn 1,1 barngildi, þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi

Þess má geta að þessi tillaga var lögð fram í fræðsluráði þann 26. apríl 2018. Afgreiðsla fræðsluráðs var á þá leið að tekið var jákvætt í erindið og því vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2019.

**Tillaga hópsins:**

Að barngildisviðmiðum vegna 4 og 5 ára barna verður breytt í áföngum sem hér segir: 1. ágúst 2019 verði 5 ára barn 1 barngildi, þ.e. 8 börn samtals 1 stöðugildi. 1. ágúst 2020 verður 4 ára barn, 1,2 barngildi þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi.

Einnig væri skoðað nánar veikindahlutfall í leikskólum í öðrum sveitarfélögum og tillögur um úrbætur ef þurfa þykir.

**Kostnaður:**

Miðað við fjölda barna sem eru um 350 í árgangi þá væri kostnaðurinn miðað við að stöðugildi kostar um 5,5 m.kr. x 16 leikskólar. Aukning á stöðugildum væri 93,5 m.kr eða 17 stöðugildi.

## 7. Aukið fjármagn vegna lágs fagshlutfalls

Í Hafnarfirði eru leikskólakennarar með fimm klukkustundir í undirbúning vikulega en ófaglærðir eina klukkustund. Starfshópurinn leggur til að við skráningu árlegrar launaáætlunar verði gert ráð fyrir að tveir af hverjum þremur starfsmönnum í leikskóla séu menntaðir leikskólakennarar, enda er það í samræmi við lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (Lög nr. 87/2008) en þar segir „Að lágmarki  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.“

Þessi breyting hefði það í för með sér að miðað við nýjar forsendur í reiknilíkani eykst áætlað fjármagn til starfssemi þeirra skóla sem hafa lágt faghlutfall. Starfshópurinn leggur til að settur verði inn nýr liður í reiknilíkan leikskóla þar sem þessi auka fjárstuðningur við leikskóla verði nefndur fagstuðningur. Ef ekki næst að ráða tvo þriðju hluta fagfólks í skólann, verður auka fjármagn sem skapast vegna nýrra forsendna nýtt til að styðja við fagstarfið s.s. að senda starfsfólk á námskeið sem snúa að starfi leikskóla sem og að styðja við starf deildanna með öðrum hætti eftir því sem við á.

Það segir sig sjálft að þar sem er lágt hlutfall faglærðra er minna rými fyrir undirbúning faglegs starfs. Að geta haldið uppi fagstarfi án aðkomu fagfólks er ógerlegt nema hægt sé að liðka fyrir menntandi aðgerðum, s.s. að senda starfsmenn á fagnámskeið.

Með þessum aðgerðum er tekið skref í áttina að því að jafna hlut barna í leikskólum Hafnarfjarðarbæjar þ.e. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum, óháð fjölda leikskólakennara hvers leikskóla.

#### Tillaga hópsins:

Að geta nýtt aukið fjármagn í þágu fagstarfs á deildum sem hafa lágt hlutfall faglærðra og getur þá skilað sér beint til aukinnar fagvinnu innan leikskólanna og þar með aukinna gæða.

#### **Kostnaður:**

*Viðbótarstöðugildi vegna þessarar aðgerðar er um 8,45 stöðugildi. Áætlaður kostnaður á ári er um 50,7 milljónir króna.*

## 8. Vinnuskipulag leikskóla verði sambærilegt öðrum skólastigum

Fræðsluráð samþykkti á fundi sínum þann 29. ágúst 2018 að lágmarksstarfsemi yrði á leikskólunum milli jóla og nýárs 2018. Í bókun fræðsluráðs frá umræddum fundi segir: „Fræðsluráð hvetur til þess að könnuð verði starfsmannapörf hvers leikskóla milli jóla og nýárs með það að markmiði að veita frí á umræddu tímabili í samræmi við þá þörf sem verður. Jafnframt hvetur fræðsluráð foreldra til að lengja jólafrí barna sinna og nýta dagana milli jóla og nýárs sem gæðatíma með börnum sínum sé þess kostur og að ekki verði tekið gjald fyrir þá daga sem ekki eru nýttir í jólafrí. Þá hvetur ráðið til þess að lokun milli jóla og nýárs verði rædd í komandi kjaraviðræðum og innan félags leikskólakennara en við teljum að umræða um rétt til lokunar eigi heima innan félagsins“ (Hafnarfjarðarkaupstaður, 2018b).

Mæltist þessi nálgun afar vel hjá starfsfólkinu. Gerð var bindandi könnun á meðal foreldra um nýtingu á leikskólaplássunum milli jóla og áramóta sem leikskólastjórar önnuðust (sjá viðauka 4).

Faghópurinn velti fyrir sér hvað varðar jólafrí og önnur frí, t.d. frí í dymbilvikunni, til samanburðar milli leikskóla og annarra skólastiga. Í því felst mikill ávinningur og hvati til foreldra að gefa börnum sínum gott jóla- og páskafrí. Það getur gefið leikskólastjórum aukið svigrúm til sveigjanlegs skólastarfs í leikskólum líkt og á öðrum skólastigum og gerir starfsumhverfið fjölskylduvænna um leið, þ.e. börn og foreldrar njóta fleiri samverustunda.

Eftirfarandi tafla tekur saman þátttöku barna milli jóla og nýárs 2018 í leikskólum Hafnarfjarðar. Samkvæmt samantektinni mættu um 80 manns til vinnu af um 450 svo það voru um 370 manns sem fengu þá leyfi eða um 80% starfsmanna. Þær upplýsingar gefa til kynna að ekki sé brýn þörf á því að hafa leikskólana í fullum rekstri milli jóla og nýárs.

Leikskóli	Fjöldi alls	Fjöldi í fríi	Fjöldi í vinnu
Arnarberg	26	24	2
Álfaberg	26	20	6
Álfasteinn	27	24	3
Bjarkalundur	26	21	5
Hlíðarendi	25	21	4
Hlíðarberg	32	23 (2 veikir)	7
Hraunvallaleikskóli	24	20	4
Hvammur	34	27	7
Hörðuvellir	23	Allir 23	enginn
Norðurberg	31	24	7
Smáralundur	21	19	2
Vesturkot	33	21	12
Víðivellir	42	33	9
Tjarnarás	28	24	4
Stekkjarás	53	48	5
Samtals	451	372	77

Tafla 5. Alls fjöldi starfsmanna í leikskólum, fjöldi þeirra sem voru í fríi og fjöldi þeirra sem voru í vinnu milli jóla og nýárs

Starfshópurinn telur mikilvægt að færa starfsumhverfi leikskóla nær því sem þekkist á öðrum skólastigum hvað varðar vinnutíma og starfstíma kennara. Það er upplifun okkar að mikið af starfsfólki leikskóla hafi flutt sig yfir í grunnskóla og teljum við það vera m.a. vegna allra þeirra frídaga sem eru í grunnskólum, t.d. vetrarfrí, lengra sumarfrí, páska- og jólafrí.

Leitað var til Haraldar Eggertssonar verkefnisstjóra launadeildar og hann beðinn um að kanna hversu margir leikskólakennarar væru að störfum í grunnskólum Hafnarfjarðar. Það kemur í ljós að 14 leikskólakennarar starfa í grunnskólum Hafnarfjarðar í dag (upplýsingar úr launakerfi Hafnarfjarðarbæjar).

Í samanburði við önnur skólastig geta kennarar aðrir en leikskólakennarar innt af hendi hluta vinnu sinnar utan vinnustaðar og minnkað daglega viðveru fyrir vikið og eru því með talsvert meiri sveigjanleika í störfum sínum en leikskólakennarar. Þar er komið er til móts við þarfir skóla og kennara, t.d. hvað varðar starfsþróun, sérhæfðan undirbúning kennslu og önnur þau störf sem aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að vinna utan vinnustaðar.

Börn eru í grunnskóla í 37 vikur á ári og að auki er frístundastarf sem er allan ársins hring en börn í leikskóla eru 45 vikur á ári. Starfsfólkið er jafnlengi og börnin og fyrir vikið er mun minni tími að sinna faglegum undirbúningi og endurmenntun en þörf er á.

Faghópurinn leggur það til að vinnufyrirkomulagið verði sambærilegt og á öðrum skólastigum, og þá sérstaklega í grunnskólanum. Hann mælist til þess að leikskólar verði í jólafríi og fríi í dymbilviku. Ef það væri gert væri um að ræða 30-32 daga á ári sem leikskólinn yrði lokaður (fer eftir fjölda vinnudaga á milli jóla og nýárs) og þá er sumarfrí leikskóla meðtalið. Fríið skiptist þannig: Tuttugu dagar í sumarleyfi, fimm starfsdagar, tveir til fjórir dagar í jólafrí, þrjú dagar í fríi í dymbilviku. Í því felst mikill ávinningur og

er hvati til foreldra um að vera meira með börnum sínum. Mikil ánægja var meðal þeirra starfsmanna leikskólanna sem voru í fríi milli jóla- og nýárs í desember 2018 sbr. könnun.

**Tillaga hópsins:**

Að starfsumhverfi leikskólans færist nær því sem er á öðrum skólastigum hvað varðar vinnutíma og starfstíma kennara.

Að það verði sumarfrí, vetrarfrí, frí í dymbilviku og jólafrí. Samtals 30-32 dagar á ári (fer eftir fjölda vinnudaga á milli jóla og nýárs).

## 9. Móttaka nýliða efling - handleiðsla og stuðningur

Þessi liður vafðist fyrir hópnum þ.e. hvernig væri hægt að hafa uppleggið varðandi þennan lið. Hvað rannsóknir varðar þá sýna þær að því betri sem móttaka nýrra starfsmanna er þá myndast mun meiri stöðugleiki í starfsmannahaldi. Mikilvægt er að móttaka starfsmanna sé vel undirbúin. Leiðsagnarkennarar skipta einnig lykilmáli við að sporna gegn brotthvarfi nýútskrifaðra kennara.

Hópurinn leggur til að stjórnendahlutfall aðstoðarleikskólastjóra verði hækkað um 10% í leikskólunum og það starfshlutfall verði nýtt til þess að sinna því sem viðkemur móttöku nýrra starfsmanna. Aðstoðarleikskólastjóri myndi sinna því sem kemur að móttöku nýrra starfsmanna, s.s. Vinnustund, leiðsagnarsamtöl, viðverustefna – Bradford kvarði. Mikilvægt er að hver leikskóli útbúi og móti sína móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Sömuleiðis þarf að hafa skýra sýn á hvernig hægt sé að styðja við nýtt starfsfólk leikskóla við að efla fagmennsku í skólastarfinu og hvernig er hægt að stuðla að því að það fái góða leiðsögn og fræðslu. Með því að halda á lofti lærdómssamfélagshugsun er stöðugt verið að viðhalda sameiginlegri sýn og halda áfram að skapa þekkingu með því að læra af öðrum með samvinnuhugsjón að leiðarljósi.

Fjöldi barna	Skólastj. grunnur, klst./viku	Klst. á viku til viðb.	Stöðuhlf. aðst.-leikskstj.	Breyting sveitarfélags	Endanlegar forsendur
34 - 53	40	2,0	0,05	0,015	0,065
54 - 73	40	6,0	0,150	0,045	0,195
74 - 93	40	12,0	0,30	0,090	0,390
94 - 118	40	16,0	0,40	0,120	0,520
119 - 150	40	20,0	0,50	0,150	0,650
151 - 180	40	30,0	0,75	0,225	0,975
181 - 210	40	36,0	0,90	0,270	1,170
211 - 240	40	40,0	1,00	0,300	1,300
>240	40	40,0	1,00	0,300	1,300

Tafla 6. Úr leikskólalíkani: Breyting á stjórnendahlutfalli aðstoðarleikskólastjóra

**Tillaga hópsins:**

Að aukning verði á stjórnendahlutfalli aðstoðarleikskólastjóra til þess að sinna faglegri leiðsögn og efla móttöku og þjálfun nýliða. Einnig að þetta stuðli ennfrekar að því að styrkja innra starf leikskólanna.

**Kostnaður:**

10% aukning á stöðuhlutfalli á hvern skóla eru 12 milljónir á ársgrundvelli fyrir alla leikskólana.

## 10. Hljóðvist í leikskólum

Hljóðvist hefur mikil áhrif á heilsufar, afköst, líðan, einbeitingu og almenn samskipti fólks. Mikil vitundarvakning hefur orðið á Íslandi og í nágrannalöndum um mikilvægi hljóðvistar á undanförunum árum og áratugum. Talsvert meiri kröfur eru gerðar til hljóðvistar nú en áður.

„Hljóðvist er sérstaklega mikilvæg hjá börnum sem eru að læra að tala og lesa þar sem áriðandi er að orð berist rétt til hlustenda. Vart þarf að taka fram að mikilvægi góðrar hljóðvistar eykst í umhverfi heyrnarkertra þar sem gerð er krafa um góð hlustunarskilyrði.“ (Gígja Gunnlaugsdóttir, 2019).

Í mars 2018 var fjárfest hjá Hafnarfjarðarbæ í alvöru hljóðmæli eins og Vinnueftirlitið notar. Mældar hafa verið þær stofnanir í sveitarfélaginu sem kallað hafa eftir því. Hluti af heildarviðhaldsfé bæjarins hefur verið notað í þetta eða alls sex milljónir á árinu 2018. Áætlað er að svipuð upphæð verði einnig notuð í hljóðmælingar á árinu 2019. Umhverfis- og skipulagsþjónusta hefur nú þegar sett upp hljóðplötur í loft í nokkrum skólum sem hluti aðgerða við of miklum hávaða. Í sumum leikskólum finna starfsmenn þeirra mikinn mun á hljóðvist til betri vegar eftir þær aðgerðir.

**Tillaga hópsins:**

Að fengin verði ráðgjöf frá viðurkenndum aðilum um það hvað sé hægt að gera til þess að bæta enn frekar hljóðvist í leikskólum bæjarins.

Að teknað verði saman leiðbeiningar um hagkvæmar og gagnlegar lausnir varðandi hljóðvist í leikskólum.

## 11. Tillaga um gjaldfrjálsan leikskóla

Hópurinn telur að halda þurfi á lofti þeim tillögum sem starfshópur sem starfaði á síðasta skólaári lagði fram. Faghópurinn telur að það þurfi engu við að bæta þarna þar sem því eru gerð nægjanleg skil í fyrri skýrslu (sjá nánar í lokaskýrslu starfshóps).

## 12. Málþing

Eins og getið er á um í erindisbréfi hélt faghópurinn um bættar starfsaðstæður málþing þann 21. mars 2019 og bar málþingið yfirskriftina *Leikskólalíf – hagsmunir hverra ráða för?* (sjá auglýsingu fyrir málþingið í viðauka 2). Aðalfyrirlesarinn á málþinginu var Sæunn Kjartansdóttir, sálkönnuður, sem hefur mikið látið að sér kveða hvað varðar fyrstu æviár barnsins. Bar erindi hennar heitið „Samfélagsleg viðhorf til barna, gömul og ný“. Einnig hélt erindi Anna Vala Arnardóttir deildarstjóri á leikskóla með erindi sitt „Er ég kennari númer 1, 2, 3 eða 4? – Dagur leikskólakennara“. Kristín Erla Pétursdóttir, foreldri leikskólabarns, flutti erindið „Foreldrahlutverk í nútíma samfélagi“.

Þegar fyrirlesararnir höfðu lokið málið sínu var gefinn kostur á umræðum og vangaveltum. Hér koma nokkur sjónarmið sem komu fram í umræðunni:

- Ef leikskólar eiga að vera opnir á sumarleyfistíma þá mun aðlögun nýrra barna að hausti seinka vegna orlofs starfsmanna.
- Leikskólakennarar þurfa að geta staðið fast á því og mótmælt að lítil börn frá 15-24 mánaða aldri eigi ekki að þurfa að vera lengur í leikskóla en sex tíma á dag.
- Varðandi tengsl og tengslamyndun barna veltur hún öll á foreldrunum. Hún hefur forspárgildi um tengsl og heilsu barna í framtíðinni.
- Þegar leikskólamál eru rædd þá tókum við lítið mið af börnunum sjálfum, hverjir eru þeirra talsmenn?
- Lengja þurfi fæðingarorlof beggja foreldra.
- Meðalaldur leikskólakennara mjög hár og mikið áhyggjuefni - hvað getum við gert?

Niðurstaða: Leikskólalífið almennt þarf að geta breyst og þá þurfa allir að koma að; atvinnulífið, kjörnir fulltrúar og þeir sem hlut eiga að máli og gera það mannvænlegra og meira aðlaðandi. Fjölskylduvænna samfélag og vitundarvakning hvað varðar umönnun ungra barna og tengsl við foreldra.

## Lokaorð

Að lokinni þessari yfirferð telur faghópur um bættar starfsaðstæður að í þessari skýrslu séu tillögur og raunhæfar lausnir um hvernig bæta megi starfsumhverfi í leikskólum. Tillögurnar byggja á erindisbréfi þar sem hlutverk faghópsins er tíundað.

Ljóst þykir að leikskólastigið er í vanda sem verður að leysa eigi honum að takast að vera það sem honum er ætlað. Vöxtur leikskólans hefur verið umtalsverður undanfarið og sífellt yngri börnum hefur verið boðin leikskóladvöl án þess að fagfólki hafi fjölgað eða hugað hafi verið að áhrifum þess á þroska barna að vera 8-9 klst á dag í leikskóla. Faghópurinn telur mikilvægt að hægja á þessum vexti á meðan reynt verður að auka fagmennsku og fagvitund. Huga þurfi að skipulagi vinnudagsins og umhverfinu sem börnin og starfsfólkið er í.

Hjá Hafnarfjarðarbæ er faghlutfall leikskólanna í heild sinni áhyggjumál en hlutfall leikskólakennara er 27%. Starfsmenn með aðra háskólamenntun er 17% og leiðbeinendur teljast vera 56%. Samkvæmt þessum tölum er langt í land að uppfylla þær kröfur sem settar eru samkvæmt lögum, þ.e. að ⅔ hluti starfsmanna leikskóla skuli hafa leikskólakennaramenntun.

Faghópnum þykir mikilvægt að koma á framfæri áhyggjum sínum af leikskólakennarastéttinni – hver staðan er í dag og hvert við stefnum á allra næstu árum. Munum við geta rekið leikskólann á þeim



grundvelli sem hann er í dag eða munum við þurfa að slaka á kröfunum? Leikskólinn má ekki alltaf vera í nauðvörn. Hann þarf að fá tækifæri til þess að geta blómstrað og til þess þarf breytingar.

Ljóst er að leikskólakennarastéttin eldist og ef ekki tekst að manna stöðurnar í leikskólunum af leikskólakennurum er ljóst að áherslur hvað varðar fagmenntun munu breytast.

Taflan hér að neðan sýnir meðalaldur leikskólakennara í leikskólum Hafnarfjarðar í apríl 2019. Hún sýnir að (óveginn) meðalaldur leikskólustarfsmanna í Hafnarfirði er rétt um 50 ár. Það gefur til kynna að stéttin sé að eldast og nýliðun lítill sem muni verða vaxandi vandi á næstu árum ef ekkert gerist sem breyti þeim forsendum. Sjá niðurstöður fyrir einstaka skóla í töflu 7.

Leikskóli	Meðalaldur (ár)
Arnarberg	58,6
Álfaberg	46,3
Álfasteinn	53,6
Bjarkalundur	46,4
Hlíðarendi	55,5
Hlíðarberg	49,0
Hraunvallaleikskóli	48,7
Hvammur	53,0
Hörðuvellir	56,2
Norðurberg	51,8
Smáralundur	47,3
Stekkjars	51,3
Tjarnarás	48,1
Vesturkot	49,1
Víðivellir	49,6
<b>Meðaltal (óvegið)</b>	<b>51</b>

Tafla 7. Meðalaldur leikskólakennara í Hafnarfirði apríl 2019

Hafnarfjörður undirritaði nýlega samstarfssamning um vinnu við að innleiða [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) og stefnir með því að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag UNICEF á Íslandi (Hafnarfjarðarbær, 2019). Með þessum samningi er Hafnarfjarðarkaupstaður að samþykka að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi. Faghópurinn fagnar þessu mikilvæga skrefi og eins og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri sagði við undirritun samningsins að:

*Barnasáttmálinn verði viðmiðið og rauði þráðurinn í þjónustunni gagnvart börnum og fjölskyldum sveitarfélagsins. Með því megi skapa samfélag sem börnum á öllum aldri líði vel og fái notið persónulegrar þjónustu og hvatningu öll sín mótunarár, væntanlega umfram það sem nú er.*

Faghópurinn fagnar þessu og telur að með þessum samstarfssamningi og með bættar starfsaðstæður í leikskólum að leiðarljósi verði stigið skref í átt að betra leikskólalífi í Hafnarfirði.

# Heimildaskrá

- Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir (2013). *Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma*. Sótt af [www.netla.hi.is](http://www.netla.hi.is) af [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf)
- Gígja Gunnlaugsdóttir (2019). Munnleg heimild.
- Hafnarfjarðarbær (2018a). *Starfshópur um bættar starfsaðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar*. Sótt þann 9. apríl 2019 af <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/baettar-starfsadstaedur-sem-draga-ur-alagi-a-leikskolum-hafnarfjardar>.
- Hafnarfjarðarbær (2018b). *Fundargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðar 29. ágúst 2018*. Sótt 10. maí 2019 af <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1808016F>
- Hafnarfjarðarbær (2019). *Samstarf við UNICEF á Íslandi* (27. mars 2019). Frétt sótt á vef Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. maí 2019 af <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/hafnarfjordur-hefur-samstarf-vid-unicef-a-islandi>
- Hrönn Pálmadóttir (2015). *Communities in play : young preschool children's perspectives on relationships, values and roles*. Sótt þann 9. apríl 2019 af <http://hdl.handle.net/1946/23630>
- Kristín Dýrfjörð (2016). *Yngstu börnin í leikskólanum*. Sótt þann 9. apríl 2019 af <http://www.laupur.is/yngstu-bornin-i-leikskolanum/>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (2009). Sótt af <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/15566>. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Sigrún Daníelsdóttir (2019). Erindi á ráðstefnu Heilbrigðisráðuneytisins.

# Viðauki 1 - Erindisbréf

(Málsnúmer)



## ERINDISBRÉF

### Faghópur um bætтар starfsaðstæður í leikskóla

#### Ábyrgðarmaður:

Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu – og frístundsviðs.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna áfram með tillögur sem lagðar voru fram í skýrslu starfshópur um starfsaðstæður í leikskólum sem starfaði á vorönn 2018 og koma jafnframt með fleiri nálganir sem stuðlað geta að bættum aðstæðum í leikskólum bæði fyrir börn og starfsfólk með það að markmiði að gera leikskólastarfið enn eftirsóknarverðara.

Einnig að hópurinn kortleggji og meti þarfir með t.d málþings til þess að greina hvar þörfin er mest.

#### Helstu verkefni:

Að vinna áfram með þær tillögur sem lagðar voru fram í fyrri starfshópi:

- Þróun vistunartíma barna. Framtíðarsýn um vistunartíma. Tölur frá Hagstofu frá 1998-2016 og niðurstaða OECD skýrslu hafðar til hliðsjónar.
- Stærð barnahópa; að stærð barnahópa verði skoðuð og þær afleiðingar sem álag, sem því fylgir að vera í litlu rými löngum stundum.
- Skoði breytingar á barngildisviðmiðum hjá 4 og 5 ára börnum.
- Tillaga um gjaldfrjálsan leikskóla.
- Vinnutími leikskólakennara verði sambærilegur því sem er á öðrum skólastigum
- Sértekur aðgerðir til að tryggja stöðugleika í starfsmannahópum
- Móttaka nýliða eflid.
- Mentor/handleiðsla og aukinn stuðningur við nýja starfsmenn.
- Forgangsröðun verkefna í leikskólum, með það að markmiði að draga úr álagi.
- Annað sem hópnunum finnst mikilvægt að meta

**Faghópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Inga Friða Tryggvadóttir leikskólastjóri

Hulda Snæberg Hauksdóttir leikskólastjóri

Linda Björk Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Ásgerður Kristjánsdóttir sérkennslustjóri

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir sviðstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu

**Verkefnisstjóri faghópsins:**

Þróunarfulltrúi leikskóla

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Kallaðir verða til aðilar bæði innan og utan sveitarfélagsins sem sérþekkingu hafa á viðfangsefninu. Faghópurinn nýti við vinnu sína þau gögn sem starfshópur um bætta starfsaðstæður í leikskóla vann á vorönn 2018

**Starfstími:**

Hópurinn skili af sér tillögum í skýrsluformi eigi síðar en 15. mars 2019.


**Skil:**

Tillögur skulu vera kostnaðarmetnar og þeim ber að skila til ábyrgðarmanns ásamt rökstuðningi ásamt skilgreiningu á ábyrgð á framkvæmd tillagna.

Tillögum skal skila með lokaskýrslu.

Hafnarfirði, 10. október 2018

## Viðauki 2 – Auglýsing vegna málþings



# LEIKSKÓLALÍF HAGSMUNIR HVERRA RÁÐA FÖR?

MÁLÞING FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDAÞJÓNUSTU OG FAGHÓPS UM BÆTTAR STARFSAÐSTÆÐUR Í LEIKSKÓLUM  
Fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 17-19 í Hásölum Hafnarfjarðarkirkju

**Kl. 17.00 Samfélagsleg viðhorf til barna - gömul og ný**

Sæunn Kjartansdóttir sálgreininir

**Er ég kennari númer 1,2,3, eða 4? - Dagur leikskólakennara**

Anna Vala Arnardóttir leikskólakennari

**Foreldrahlutverk í nútíma samfélagi**

Kristín Erla Pétursdóttir foreldri leikskólabarns

**Kl. 19.00 Lok**

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

HAFNARFJARÐARBÆR  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

585 5500  
hafnarfjordur.is

  
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Hafnarfjörður  
vellíðan fyrir alla

  
HAFNARFJÖRÐUR

## Viðauki 3 – Vistunartími barna



### Vistunartími barna

#### ÆSKILEGUR VISTUNARTÍMI LEIKSKÓLABARNA UNDIR ÞRIGGJA ÁRA ALDRI.



Akveðin þáttaskil verða í lífi barns þegar það byrjar í leikskóla. Hvernig tekst til í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Allt er framandi og ókunnugt og því er reynt að standa eins vel og hægt er að aðlögun barnsins.

Vistunartími yngstu barna



Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir:

Leikskólar eru örvandi umhverfi. Þeir veita börnum mikilvæga þjálfun í samskiptum og skapandi leik ásamt því að efla hugræna og málvarslega getu þeirra. Engu að síður fylgir því álag og streita fyrir ung börn að vera lengi fjarri foreldrunum í fjölmennum hópi jafnaldra. Þess vegna er nauðsynlegt að finna jafnvægi á milli tímans sem varið er í leikskóla og heima. Eftir fimm til sex klukkustundir eru ung börn yfirleitt búin að fá það besta sem leikskóli getur veitt þeim. Þá þarfnast þau nálægðar foreldra eða annarra nákominna sem veita þeim öryggi og ró.

Mikilvægir punktar:

- Að huga að hæfilegum vistunartíma barnanna
- Hver hálfími, sem vistunardagur ungra barna er stytur um, skiptir máli.
- Oskipt athygli pabba eða mömmu, í hálfu til eina klukkustund eftir að heim er komið, er áhrifarík leið fyrir öll leikskólabörn til að ná niður streitu og efla tengslin við foreldra sína.



**HAFNARFJÖRDUR**

Skrifstofa Fræðslu- og frístundajónustu  
Linnestíg 3, 220 Hafnarfjörður

## Viðauki 4 – Könnun meðal foreldra/forráðamanna leikskólabarna um viðhorf til starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs

Könnun meðal  
foreldra/forráðamanna  
leikskólabarna



Viðhorf til starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs


Svör: 689 | Svarhlutfall: 55%


**implexa**  
www.implexa.is


## Fjöldi svara


Leikskóli	Svör	Svarhlutfall
Arnarberg	43	54%
Álfaberg	33	40%
Álfasteinn	35	46%
Bjarkalundur	44	56%
Hlíðarberg	52	50%
Hlíðarendi	42	49%
Hörðuvellir	36	47%
Hraunvallaleikskóli	40	50%
Hvammur	80	73%
Norðurberg	40	39%
Smáralundur	30	56%
Stekkjars	77	50%
Tjarnarás	43	59%
Vesturkot	35	-
Víðivellir	56	50%
Merkjaekki viðleikskóla	3	-
<b>Hafnarfjörður</b>	<b>689</b>	<b>55%</b>




















## Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram varðandi starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs?

- - Sendur var tölvupóstur á okkur foreldra í október og þá áttum við að svara því hvort barnið yrði milli jóla og nýárs. Það er alltof snemmt, mætti ekki vera fyrr en í lok nóvember því aðstæður geta verið alls konar og margir geta ekki svarað svona snemma
- -)
- a) Varðandi sp. 3 þá hafði annar forráðamaður aðeins tök á að vera í fríi með barninu að hluta báða dagana og fengum við aðstoð frá fjölskyldu til að láta það ganga upp. b) mér finnst persónulega að leikskólinn eigi ekki að beita þrýstingi á að foreldrar hafi börnin í fríi milli jóla og nýárs - aðstæður fólks eru mismunandi og ekki endilega vilji foreldra að senda börnin milli jóla og nýárs en gera það af nauðsyn. c) ég skil vel að könnunin sé gerð með hæfilegum fyrirvara. en raunin á sumum vinnustöðum er hins vegar sú að það liggur ekki endilega fyrir hvort hægt sé að gefa starfsfólki frí. stundum liggur það ekki fyrir fyrr en í desember o.s.frv.
- Að gefa okkur færi á að velja hvort barnið yrði á leikskólanum eða ekki var mjög flott framlag. Að fara svo ekki eftir því eru hinsvegar mjög léleg vinnubrögð því leikskólastýran ákvað svo bara að hafa lokað. Mjög léleg vinnubrögð.
- Æði að gjaldið sé felt niður ef barnið er í fríi
- Allt val er gott.
- Alltaf fundist, starfsmenn leikskóla reyna að ýta börnunum í frí, oft með rökunum að það verða svo fá börn kanski 1til 2 á þessari deild. Mín tilfinning er að kennarar/leiðbeinendur séu að reyna að þvinga sem flesta í frí til að fá sjálfir frí
- Ánægð með framtakið og vona að fleiri verði sett að stað til að koma til móts við starfsfólkið með það að markmiði að halda góðu fólki og laða fleiri að.
- auðvitað er mikilvægt að börnin fá líka frí frá áreiti sem er í leikskóla. heila þroski barna á leikskóla aldri er bara ekki gerður fyrir svona mikið áreiti og því mikilvægt að börnin fá líka frí það gleymist oft. En ég skil samt að sumir foreldrar hafa bara alls ekki tök á því og verða að vinna og þá er mikilvægt að hægt sé að komast til móts við þau.
- Bara flott að bjóða uppá þennan valkost, en mikilvægt að hafa valið því það er ekki alltaf hægt að fá frí milli jóla og nýárs
- Barnið hafði það gott í jólafríinu en finnst mjög gaman í leikskólanum og var ánægð með fá að hitta vini sína þessa daga.
- Ef það er lokað milli jóla og nýárs (og foreldrar eru þá í fríi með börnunum), þá er mjög óhentugt að það sé skipulagsdagur 2.jan þegar foreldrar eiga að mæta í vinnu.
- Ég er almennt jákvæð fyrir þessu á meðan gjald er fellt niður dagana sem leikskólinn er lokaður Bestu þakkir
- ég er mjög ánægð með þetta framtak, síðastliðin jól voru fyrstu jólin sem við höfum haft tækifæri á að hafa börnin okkar heima þessa virku daga á milli jóla og nýárs. Ég fagna allri þjónustu sem fjölskyldum er veitt á virkum dögum - allan ársins hring. Það getur verið mjög erfitt að fá frí alla daga sem börn eru í fríi umfram rauða daga, þá á ég til dæmis við þá daga sem leikskólarnir eru í sumarfríi eða skipulagsdaga.
- Ég er mjög ánægð með starf Hraunvallarleikskóla. Þar sem ég hef tök á því að vera í fríi er mér eiginlega sama hvort leikskólinn sé opinn eða lokaður eða hvort ég borgi eða ekki. En ef ég þyrfti að vinna og ætti engan að til að sjá um barnið mitt væri mjög mikilvægt að leikskólinn væri opinn. Einfaldast væri að hafa þetta eins og þetta væri gert, foreldrar láta vita ef börnin koma í leikskólann. Þetta með að fella niður gjöld er eitthvað sem þið ættuð að taka út, foreldrar borga fyrir desembermánuð og svo láta þeir vita ef börn koma



milli jóla og nýárs. Mér finnst allavega ekkert óeðlilegt að borga fullan mánuð þó svo barnið mitt mæti ekki nokkra daga vegna þess að það er mín ákvörðun.

- Ég er mjög hlynnt því að börn fái gott jólafrí með foreldrum sínum. Okkar heimili hefur tök á því.
- Ég hafði skráð dóttur mína allveg í frí. Svo langaði hana að fara í leikskólan, en þá mátti hún koma og varð mjög sár. Það hefði verið fint að hafa einhver milliveg. Ég hefði allveg borgað fyrir þann dag hefði verið hægt að bæta honum við næsta seðil.
- Ég held að með því að loka alveg og gefa ekki kost á vistun sé verið að gera foreldrum erfiðara fyrir sem hafa ekki bakland eða aðstoð og þurfa að mæta til vinnu. Aðstæður í atvinnu geta verið breytilegar. Ein jólin gætu foreldrar kannski verið í frí en önnur ekki og þá er gott að eiga þann möguleika að fá vistun fyrir börn sín.
- Ég myndi gjarnan vilja skoða sumarfríð frekar heldur en jólin.
- Ég myndi hafa áhyggjur af "social desirability bias" í þessari könnun þar sem viðfangsefnið er svo gegnsýrt af umræðu um hvað sé æskilegt fyrir barnið. Stöðug umræða sem gengur út á það að börn séu of mikið á leikskólum og það stappi við að það ógni högum þeirra og heilsu á einhvern hátt. Framkvæmdin hjá Hafnarfjarðarbæ síðustu jól virkaði því beinlínis þvingandi gagnvart foreldrum sem vinna á almennum vinnumarkaði og geta ekki leyft sér að taka auka frí á milli jóla og nýárs til viðbótar við alla orlofsdagana sem klippast nú þegar af sumarleyfinu vegna fjölda skipulagsdaga og ósamþættra vetrarfria í leik- og grunnskólum. Persónulega skiptir það mig engu máli fjárhagslega hvort gjöld eru felld niður einhverja 2-3 daga og mér finnst það eiginlega bara til að bæta gráu ofan á svart að gefa þeim hópi sem getur tekið sér frí afslátt á meðan hinir (sem má gera ráð fyrir að séu í störfum sem ekki eru hátekjustörf) þurfa að mæta í sína vinnu. Framkvæmdin er heilt yfir því bara vond eins og hún var praktiseruð síðast og andfélagsleg. Reynslan er sú að það eru margir foreldrar sem velja að taka frí um jólin og vera með börnunum sínum. Það er bara frábært og leikskólarnir eru vanir því að aðlaga mönnum í samræmi við það, gefa starfsfólkinu viðbótarfrí og skiptast á að taka þessar vaktir. Látum bara staðar numið þar og virðum aðstæður hinna sem ekki hafa þennan kost til að velja, takið frekar á móti þeim börnum öllum þessum daga og bíðið þar til að vinnumarkaðurinn hefur náð saman um að gefa öllum frí á milli jóla og nýárs áður en sú stefna er innleidd í þjónustu hins opinbera gagnvart litlum börnum.
- Ég myndi vilja að dagarnir milli jóla og nýárs væru nýttir sem starfsdagar leikskólans. Þannig að skólinn væri lokaður börnum en ekki væri um að ræða frítöku foreldra sem kæmi tilviðbótar starfsdögum og skipulagsdögum. T.d. var svolítið mikið að vera heima með barninu milli jóla og nýárs og þurfa svo að vera líka heima 2. Janúar út af skipulagsdegi. Þá er sumarfrísréttur foreldra fljótur að fara. Tel líka að gjald ætti að falla niður (líkt og var) fyrir þá daga sem fólk er með börnin heima allavega þegar leikskólinn er að biðja fólk um að halda börnunum heima. Það er annað ef það er ákvörðun foreldrisins en ekki að beiðni leikskólans
- Ég og maðurinn minn erum í þannig vinnu að við erum í frí milli jóla og nýár og börnin líka, hvort sem gjald fyrir þá daga er fellt niður eða ekki. Ef hins vegar að ég hefði ekki tök á að vera í frí og þyrfti að senda barnið í leikskólann þætti mér þetta erfitt, að það væru nánast allir í frí nema mitt barn. Það kom email frá okkar leikskóla að einungis yrðu 6 börn á leikskólanum á þessum tíma, fannst það óþarfa upplýsingar til allra....
- Ég var heima með barninu vegna veikinda. Hefði annars farið í vinnu og fynnst sanngjarnt að hafa samt borgað.
- Ég var mjög ánægð með fyrirkomulagið sem var haft seinustu jól
- Ég veit að það voru mjög mörg börn í frí á leikskólanum hjá syni mínum (Norðurberg) og ég fann að hann þyrfti algjörlega á þessu frí að halda í rólegheitum heima eins og foreldrarnir eftir jólastressið! Mjög sátt að fá gjaldið fellt niður þar sem systir hans var einnig í jólafrí í skólanum og kom ekki annað til greina en að hann yrði heima.
- Eins og tekið er fram eru dagar milli jóla og nýárs breytilegir alveg eins og vinnan mín, ég er í vaktarvinnu og því kom það sér vel að geta skráð barnið í frí því eg var akkurat líka í frí þessa daga en það er alls ekki alltaf

svoleiðis og því finnst mer ekki gott ef leikskolinn væri lokaður allan timann heldur finnst mer fint fyrirkomulag að borga fyrir þa daga sem barnið er en ekki borga ef barnið getur verið í frii.

- Er kennari sjálf og barnið því alltaf í frii dagana á milli jóla og nýárs. Þeir sem eru í vinnu þessa daga þurfa auðvitað á leikskólanum að halda.
- Er mjög ánægð með þetta fyrirkomulag hjá Hafnarfjarðarbæ
- Erfitt fyrir fólk í vaktavinnu að ákveða með löngum fyrirvara hvort barnið geti verið í frii eða ekki ef vaktarplanið frá atvinnurekanda liggur ekki fyrir.
- Fannst foreldrar „neyddir“ til að setja börnin í frii með því að bjóða niðurfellingu og hversu fáir dagar það voru. Margir foreldrar í þannig vinnu að ekki er hægt að taka frii en fannst óþægilegt að hafa barnið í leiksskólanum þegar allir voru hvattir til að hafa þau í frii. Skrítið fyrirkomulag. Gamla var betra þegar foreldrar skráðu börnin í frii - en það værir sniðugt að bjóða þeim niðurfellingu.
- Fannst þetta fint hvatakerfi til þess að börnin fá betra frii út úr jólafríinu og líka fyrir leikskólakennarana. Desember er mikill álagstími fyrir börnin.
- Fannst þetta frábært fyrirkomulag, þó ég sé á því að þessa daga eigi að vera lokað í leikskólum bæjarinnis líkt og grunnskólabæjarinnis. Flestir dagforeldrar bæjarinnis eru með lokað einnig þessa daga hjá sér og því finnst mér að megi bara alveg hafa lokað í leikskólunum. Leikskólabörn hafa gott af því að fá frii líkt og önnur börn. Ef við tökum ákvörðunum um að leikskólarnir séu lokaðir getur atvinnulífið ekki annað en að taka tillit til þess.
- Fannst þetta fyrirkomulag mjög þvingandi mér fannst ég þurfa að hafa barnið í frii og ekki fæ ég frii í vinnu
- Fannst þetta gott skipulag þetta árið. Við foreldrarir gátum tekið frii og því verið heima með barnið en mikilvægt að hafa leikskólann áfram opinn milli jóla og nýárs þar sem margar fjölskyldur eiga ekki þann möguleika að vera í frii. - Enda svakalega margir frídagar hjá skólabörnum í Hafnarfirði - sérstaklega eftir þessa furðulegu ákvörðun að hafa ekki skipulagsdaga leikskóla og skóla samrýmda. Svo eru töluvert margir sumar/jóla/vetrar/páskafrídagar sem atvinnumarkaðurinn tekur ekki tillit til
- Finnst ekki við hæfi að biðja foreldra um að setja þessar upplýsingar fram í eyðublaði á vegum Google Forms, frekar mætti nota "mínar síður" sveitarfélagsins eða Karellen.
- Finnst gott að hafa val um að hafa barnið í frii ef maður hefur tök á því en leikskolinn sé þó opin fyrir þa sem þurfa
- Finnst mikilvægt að leikskolinn se opinn fyrir þa foreldra sem ekki hafa tok a thvi að vera heima með bornin sin thessa daga. Ef leikskolinn væri alveg lokadur thessa daga gaetu margir lent i vandraedum tho svo að vid gatam verid heima thessa daga. Finnst jakvaett að fella nidur gjöld fyrir þa daga sem ekki eru nyttir.
- Finnst öll börn hafa gott af þessu frii, fljótt framtak
- Finnst sjálfsgagt að starfsfólk leikskólans fái jólafrí þessa daga ef mögulegt er. Myndi greiða þessa daga en hafa barnið mitt samt í frii ef til þess kæmi.
- Finnst vera setja pressu á foreldra með því að vera í frii, það eiga ekki allir frídaga til að vera heima því miður og eru með moral að geta ekki tekið þessa fridaga heima með barni.
- Finnst þetta algjörlega skref í rétta átt að fella niður gjöld þá daga sem barnið kemur ekki á milli jóla og nýárs. Vil ekki sjá leikskólann lokaðan þar sem ekki allir eru í þeirri stöðu að geta verið í frii frá vinnu. Við teljum það mikil forréttindi að getað unnið af okkur eða tekið kvöldvaktir þessa daga og þar með gefið barninu okkar frii ( þó þykir honum skemmtilegra í leikskólanum en heima) en ástæðan fyrir því að við skráðum okkar barn í frii var að a) við höfðum tök á því b) við vitum að börnin hafa gott af frii c) við vildum gefa starfsfólkinu kost á að fá smá auka jólafrí enda er starf á leikskóla oft afar vanmetið!
- Finnst þetta góð nýjung og mætti ganga alla leið og leyfa starfsfólki líka að fá frii.

- Fljótt fyrirkomulag en alls ekki í biði að loka leikskólanum því það eru ekki allir foreldrar sem hafa tök á að vera í frí þessa daga. Frekar sameina deildir-leikskóla þessa dagana og passa að amk einn starfsmaður frá hverjum leikskóla fylgi börnunum ef um sameiningu sé að ræða. Annað tengt og ótengt - það sama ætti að gera varðandi sumarfrí ef við ætlum að vera fjölskylduvænn bær því það geta ekki allir vinnuveitendur gefið öllum foreldrum frí 10 júlí - 7 ágúst. Ekki fjölskylduvænt að fjölskyldan geti kannski ekki verið saman í frí.
- Flott en finnst eins og fólk sem nýtir sér þetta ekki eigi ekki að borga fyrir þá daga en aðrir sem að nýta sér þá myndu borga gjald fyrir það
- Flott fyrirkomulag sem hentaði því miður ekki fyrir vaktarvinnu fólk eins og okkur. En flott að geta haft valmöguleika á að vera með barninu heima eða senda það á leikskóla ef foreldrar ná ekki að fá frí í vinnu þessa daga.
- Frábært að börnin fái gott jólafrí eins og er í grunnskólum og starfsmenn líka! Áfram þið.
- Frábært framtak
- Frábært fyrirkomulag. Börnin þurfa frí eins og fullorðnir..
- Fyrirvarinn var of langur, eg hafði ekki tök á því að gefa svar svona snemma. Eg hefði ekki getað svarað fyrr en um miðjann Desember.
- Geri ráð fyrir að allir sem tök hafi á að taka sér frí með börnum sínum geri það og þess vegna fannst mér þetta fyrirkomulag gott. Um leið og þeir sem ekki eiga kost á frí fá líka þjónustu.
- Gjald fyrir 1-2 daga skiptir ekki máli fyrir greiðslu. Best væri að hafa opið og ef fólk vill vera í frí þá er það í frí. Þetta verður óþarflaga flókið að bóka 2 daga í frí til að sleppa við 2-3þús krónur. Hinsvegar má gera könnun til að takast á við ofmönnum á þessum dögum. Taka má dæmi að ef ég er með áskrift að morgunblaðinu þá segi ég ekki upp áskriftinni eða óska eftir niðurfellingu ef ég les ekki blaðið í 2-5 daga.
- Góð hugmynd að hvetja mann til að taka frí enda líklegt að það séu t.d. skólabörn heima milli jóla og nýárs hvort eð er hjá barnafjölskyldum. Niðurfelling gjalda er bónus en ekki endilega drifkraftur hjá manni. Er ekki sammála að loka alveg þar sem það kemur verst niður á þeim sem þurfa mest á því að halda, t.d. fólk í störfum með lítinn sveigjanleika á vinnutíma. Og það stendur misjafnlega á með fjölda frídaga milli jóla og nýárs. 2018 þurfti maður bara að taka tveggja daga frí.
- Gott að hafa val eins og var síðast.
- Gott að hafa val, það geta ekki allir fengið frí milli jóla og nýárs
- Gott mál svo framfarlega að ekki verði farið í að færa börn á milli leikskóla á þessum dögum.
- Hafa bara lokað og allir saman í jólafrí :)
- Hafa það val hvort þú viljir frí eða ekki. Ekki geta allir verið í frí.
- Hafa þarf í huga að ekki eru allir foreldrar í þeirri stöðu að geta tekið frí milli jóla og nýárs. Starfsdagar yfir arið og sumarfrí er þegar erfitt að "dekka" og því bagalegt ef leikskolar yrðu lokaðir (nema það myndi þá dragast frá fjölda starfsdaga yfir arið).
- Hefði mátt hafa þessa möguleika í fleiri ár, ekki bara síðast liðið ár.
- I can see it would be very useful for working parents but as I am a teacher I will usually have this time off anyway.
- I think it is very nice if parents can choose whether their children attend preschool between Christmas and new year and if the fees are cancelled during this period if the child does not attend preschool is great help to parents.
- Is important that the school is open on this dates since is not possible for all parents to be off on those days. This issue also should be discussed with parents when it comes to summer holidays, as not everyone is able to get vacations on the same month.

- Jákvætt að bjóða upp á þetta, en hafa ber í huga að það geta ekki allir foreldrar tekið frá þessa daga. Ef það er hægt að fella niður gjöld þegar börnin eru frá leikskóla í fleiri en x daga þá væri einnig flott ágætt að það væri í boði þegar það hentar hverri fjölskyldu.
- Jólin í ár voru þannig að fyrirtækin sem við störfum hjá gáfu annan daginn í jólafrí og þetta árið höfðum við tök á að taka hinn daginn frí. Það er ekki víst að það verði hægt að gera það alltaf, sérstaklega ef það eru 4 virkir dagar milli jóla og nýárs. Svona þarf því að endurskoða hvert ár. Ég er hlynnt því að foreldrar geti valið sjálfir (og látið þá vita með góðum fyrirvara) hvort börnin þeirra verði á leikskóla milli jóla og nýárs og fá þá fellt niður gjald ef þau kjósa og geta að haft barnið heima. En þetta verður að vera val því ekki er hægt að gefa sér að atvinnuveitendur verði jafn gjafmildir á frídaga á næstu árum.
- Lækkunin ekki slík að það hafi áhrif á ákvarðanatöku um frí.
- Leikskólinn á að vera litaður milli jóla og nýárs börn þurfa líka að fá að vera í fríi frá sinni vinnu
- Leikskólinn má alls ekki gleyma því, að hann er í þjónustuhlutverki! Þó þetta eigi að heita fyrsta skólastigið, þá er ekki skylda að vera með börn á leikskóla, og það er bara staðreynd að langflest börn eru á leikskóla á meðan foreldrar eru í vinnu en ekki fyrir skólastigið. Hef miklar áhyggjur af þessu fyrirkomulagi sem var um síðustu jóla að þetta sé fyrsta skrefið að því að loka leikskólanum milli jóla og nýárs. Nógu margir frídagar eru, 4ra vikna lokun sem hentar mis illa (ég hef t.d. ekki getað tekið nema 2 vikur af leikskólalokuninni í frí í nokkur ár), byrjað í miðri viku, sem er bara til að fríð nýtist foreldrum enn verr og svo skipulagsdagar sem eru ekki nema að hluta samræmdir við grunnskólann.
- Leikskólinn var opinn en skólastjórinn ákvað að láta starfsfólki í frí og var EIN með börnunum. Auk þess var enginn heitan matur í boði á þessum dögum. Ég hafði áhyggjur um öryggi og vélinu barnanna mína með aðeins einum starfsmanni á svæði og á þessum forsendum sendi ég börnin ekki í leikskólan milli jóla og nýárs. Ég var mjög óánægð með þessa þjónustu
- Leikskólinn verður að vera opinn á milli hátíða fyrir börn þeirra foreldra sem ekki eiga þess kost að taka sér frí frá vinnu.
- Leyfa foreldrum að ráða sumarfríinu, eins og GBR gerir.
- Mætti hafa skipulagsdag 2.jan þegar það er opið en ekki 3. jan eins og vaninn er. Annars mætti þá líka bjóða upp á að hafa hann gjaldlausann.
- Mætti vera val hvort að barn mæti í leikskólann eða ekki þar sem að foreldrar raða oft ekki hvort að það sjálf geti verið í frí frá vinnu þessa daga og hafa kannski ekki aðgang af pössun, einnig að ef barnið er í frí að gjöld felli niður þá daga.
- Meiriháttar ef það er mögulegt að hafa opið á milli jóla á nýárs. Ég tel það gott fyrir börn sem t.d eiga foreldra í vinnu á þessum tíma, halda ekki upp á jóla eða vilja einfaldlega halda rútínunni. Krakkarnir hittast og kennararnir fá aukapening í vasann á sama tíma. Mér finnst gott að geta valið og merkt við hvort og þá hvaða daga barnið myndi mæta í leikskólann á þessu tímabili. Betri yfirsýn og allir ánægðir myndi ég halda.
- Mér fannst nánast ætlast til þess að barnið væri í frí þessa daga, amk. gengið á eftir því að við myndum ákveða með miklum fyrirvara og talað um að nánast engin börn væru á leikskólanum þessa daga. Við vildum þá ekki vera einu foreldrar sem gátu ekki haft barnið í frí þessa daga svo ein amman tók sér frí frá vinnu. Fyndist eðlilegast að hafa leikskólann opinn þessa daga. Nógu erfitt fyrir vinnandi foreldra að redda sumarfríinu á vinsælasta tímabilinu (geta ekki valið hvenær barnið fer í frí) og taka frí á starfsdögum yfir árið.
- Mér fannst þetta frábært framtak hjá Hafnarfjarðarbæ, allir hafa gott að geta tekið aðeins meira í jólafrí bæði krakkarnir og starfsfólk leikskólanna.
- Mér fannst þetta fyrirkomulag eins og var núna síðast mjög jákvætt fyrir mig og mína fjölskyldu og frábært framtak
- Mér finnst að leikskólakennarar eigi skilið að vera í frí milli jóla og nýárs. Börnin hafa líka gott af því.

- Mér finnst að leikskólinn verði að vera opinn á milli jóla- og nýárs vegna þess að það eru alls ekki allir foreldrar sem að hafa tök á því að vera í fríi á þessum tíma.
- Mér finnst að þeir ættu að vera opnir og gera eins og fyrir jól 2018, að biðja foreldra um að láta vita fyrir fram hvort barnið komi eða ekki. Fella þá niður gjald fyrir þau börn, þá daga, sem ákveðið er fyrir fram að vera í fríi.
- Mér finnst afar mikilvægt að leikskólabörn fái jólafrí eins og börn í grunnskóla
- Mér finnst frábært að foreldrar geti valið um hvort barnið sé í fríi þessa daga og frábær hvati frá Hafnarfjarðarbæ að þurfa ekki að greiða fyrir þá daga sem barnið er í fríi. Með því að fella niður gjöld þessa daga er bærinn að styðja við þá foreldra sem hafa tök á því að hafa barnið sitt heima og auka samveru stundir barns og foreldra. Hinsvegar eru ekki allir sem eru þannig staddir að geta tekið auka frídag og því væri óábyrgt og "classist" af bænum að loka leikskólanum þessa daga. Bærinn þarf að taka tillit til lægstu stétta samfélagsins og vinna út frá þeim, ekki hærri stéttum sem hafa önnur forréttindi fram yfir lægri stéttir.
- Mér finnst frábært að það sé hægt að bjóða upp á að hafa skólann opinn á þessum dögum, þar sem atvinna foreldra er mismunandi. Ég var með barnið mitt í fríi í ár vegna þess að ég hafði tök á því en árið áður gat ég ekki fengið frí í vinnu og þurfti að nota leikskólann og það er bara frábært mál. Ég myndi ekki vera ósátt ef ég þyrfti að borga fyrir þessa frídaga.
- Mér finnst gott að geta haft barnið heima í góðu jólafríi og gerði það vegna þess að ég hafði kost á því. Nú er ég í ferli að skipta um starf og veit því ekki hvernig það verður með næstu jólafrí, hvort að starfið sem ég fer í bjóði upp á þau fríðindi að geta verið í fríi með barninu mínu. Því finnst mér fyrirkomulagið eins og það var sl. jól/áramót mjög gott og fannst frábært að þurfa ekki að borga gjald fyrir frídagana.
- Mér finnst gott fyrirkomulag að leikskólar séu lokaðir á þessum tíma og gott að vinnuveitendur sýni þessu einnig skilning ef foreldrar lenda í vandræðum.
- Mér finnst mikilvægt að það sé hvati fyrir fólk til að taka sér frí til þess að vera með börnum sínum á milli jóla og nýárs, t.d. með því að fella niður gjöld þá daga sem barnið mætir ekki. Það er mikilvægt að börnin fái líka smá frí á milli anna.
- Mér finnst mjög jákvætt ef bæði leikskólabörn, foreldrar þeirra og starfsfólk fái frí þessa daga. Ég veit hversu mikið álag fylgir því að vinna í leikskóla og finnst jákvætt ef Hafnarfjarðarbær getur komið til móts við starfsfólk, það dregur úr streitu og eykur starfsánægju.
- Mér finnst verið að þrýsta á fólk að vera í fríi með barnið milli jóla og nýárs með þessum skilaboðum og gjaldfellingin virkar á mig einsog umbun þetta er ekki til þess að létta undir samviskuna að hafa ekki tök á því með neinu móti að vera í fríi þessa daga
- Mér finnst þetta frábært framtak og hefur mögulega fengið foreldra til að hugsa um það að barn þarf ekki að fara á leikskólann þessa daga, bara af því að það er opið (en foreldri/ar heima í fríi). Örugglega einhverjir sem hafa átt gæðastund með barninu sínu í staðinn með því að hafa það heima. Frábært að bjóða fólki upp á það að fella niður gjöldin þá daga sem barnið mætir ekki.
- Mér finnst þetta frí milli jóla og nýjars frábært fyrirkomulag. Börn á þessum aldri þurfa þetta frí milli jóla og nýjars í faðmi sinna helstu. Ekki spurning. Ef þetta fyrirkomulag hvetur foreldra til að taka sér frí eða að barn eyði degi með öðrum nánum fjölskyldumeðlimum eins og ömmum og öfum/frænkum og frændum eða hvað annað þá er það alltaf heilsubót bæði líkamlega og andlega fyrir barn á leikskólaaldri. Jólin er tíminn til að eyða stundum með fjölskyldu og vinum og fá smá hvíld á daglegu amstri hversdagsleikans. Þá sérstaklega fyrir börnin, búa til minningar og styrkja tengsl.
- Mér finnst þetta mjög fínt að hafa þetta sem val. Annars er þetta mjög dýrt að taka sér frí í vinnunni, því þetta munaði bara 3000 kr á leikskólagjöldunum mun dýrara að taka sér launalaust frí 😊
- Mér hefur alltaf fundist börnin eiga rétt á smá fríi á þessum tíma og ég hef alltaf haft mín börn í fríi þá

- Mér og þeim foreldrum sem ég hef rætt við, með börn í öðrum leikskólum líka, fannst með bréfi frá bænum foreldrar vera hálf þvingaðir til að hafa börnin heima á milli jóla og nýárs, þessu var einhvern veginn stillt upp að góðu foreldrarnir (sem auðvitað væru í miklum meirihluta) vildu eyða gæðastund með börnunum sínum á milli jóla og nýárs ... en vondu foreldrarnir sem sendu börnin í leikskólann vildu það ekki (og tækju þannig starfsfólk frá þeirra eigin börnum, sbr. bréf frá leikskólanum).
- Mín skoðun er sú að það eigi bara að vera lokað, þessi börn þurfa líka frí eins og skóla krakkarnir. Sum fá aldrei frídag.
- Mjög ánægð að leikskólinn var lokaður og gjöld felld niður
- Mjög ánægð með fyrirkomulagið síðast
- Mjög flott fyrirkomulag síðustu jóla. Næsta skref væri að tækla sumarleyfin. Það væri svo frábært ef leikskólinn væri lokaður í 0-2 vikur og svo gætu foreldrar stjórnað sumarleyfi barnsins (fjórum vikum) að öllu eða að hluta til út frá sínu sumarleyfi, ekki allir sem frá frí í júlí, hvað þá ár eftir ár. Þetta væri hægt að skrá og skipuleggja með margra mánaða fyrirvara og manna leikskólana út frá því. Börn eiga skilið að fá gott sumarfrí með foreldrum sínum. Ég skora á Hafnarfjarðarbæ að skoða þessi mál.
- Mjög hlýnt því að loka leikskólum milli jóla og nýárs. Það tíðkast annars staðar í skólakerfinu og enginn greinarmunur er að mínu mati á mikilvægi leikskóla og grunnskóla fyrir börnin mín. Að auki er þá tryggt samræmi milli skólastiga en meirihluta barna á væntanlega systkini á öðru skólastigi sem er þá í fríi hvort eð er.
- Mjög mikilvægt er að foreldrar geti haft börn sín á leiksskólanum þessa daga þegar ekki er sjálfsgætt að foreldrar geti tekið frí frá vinnu.
- Nauðsynlegt að hafa val um að geta sent barnið í leikskólann því það hafa ekki allir foreldrar tök á að vera í fríi. Eina með fyrirkomulagið nú síðast er að fresturinn til að skrá barnið í frí er heldur langur, því það er ekki sjálfgefið að vinnuveitendur geti lofað foreldrum fríi með löngum fyrirvara eftir eðli starfsins.
- Nei
- Nei
- Nei
- Nei
- Nei en mætti skoða sumarfríið mætti vera breytilegt eins og á öllum vinnustöðum
- Nei, erum mjög ánægð með leikskólann og fannst þetta fyrirkomulag hjá Hafnarfjarðarbæ frábært. Við hefðum samt sem áður haft barnið í fríi báða þessa daga þó við hefðum þurft að borga fyrir þessa daga, bara gleði að þurfa þess ekki.
- No . Thanks
- Öll börn eiga að fá eins langt jólafrí eins og hægt er. Dóttir mín var í 2 vikna fríi og við sáum að hún kom endurnærð til baka.
- Preschool should be open at this Time because we paid for hole month. Preschool should have lists ,like it was before and see how many kids will come and how many employees they need.
- Samræma þjónustu milli skóla, leikskóla og frístundar milli jóla og nýárs.
- Spurning um hálfra daga. Man ekki eftir að hafa séð lokadagsetningu á skráningu.
- Talað um að hafa leikskólann opinn eins og þörf er fyrir. Eg sæki barnið um 16:30 en var sagt 2 dögum fyrir jóla að lokað yrði kl 16:00 sem hentaði mer mjög illa. Fyrir mer hefði att að vera tekið mark a því að eg þarf að fa vistun lengur en skil vel að folk þarf fri en alls ekki allir foreldrar i aðstöðu til að vera i fríi eða hætta fyrr i vinnu milli jóla og nys ars. Eins full margir postar um hverjir ætluðu að vera i fríi og fannst manni næstum eins og það væri verra fyrir barnið mans ef maður þyrfti vistun.

- Væri fint að fólk hefði lengri frest til að til að skila inn svörum um hvort barn geti verið í fríi þessa daga milli jóla og nýárs. Skila átti inn svörum 6 eða 7 vikum fyrir jól og fyrir fólk sem er í vaktavinnu er það mjög erfitt þar sem vaktaskýrslur eru ekki nema kannski 4-6 vikur fram í tímann. Mitt barn þurfti að vera skráð í leikskólann báða dagana vegna óvissu um vinnuna.
- Væri í góðu lagi mín vegna að loka leikskólum á þessum tíma eins og gert er í grunnskólum.
- Var ánægð með að geta haft barnið í fríi og fá gjöldin felld niður, en það getur staðið misjafnlega á milli ára og myndi henta illa að leikskólinn yrði lokaður.
- Við erum heppin að geta tekið okkur frí milli jóla og nýárs. En hinsvegar eru ekki allir foreldrar í stöðu til þess að vera í fríi með börnunum sínum.
- Við höfðum ekki möguleika að hafa barnið í fríi. Ég skil mjög vel að bjóða fólki gjaldfellingu fyrir þá daga sem barnið er í fríi. Eg skil einnig vel að fólk sé spurt hvort það vilha láta barnið vera heima upp á að vita hvað margar manneskjur þurfa mæta til vinnu. En mín upplifun var ekki góð. Við fengum stanslaust pósta um þetta vorum spurð einnig í leikskólanum og okkur tilkynnt að enginn á hennar deild myndi vera í leikskólanum. Við hjónin upplifðum þrýsting að vera með barnið heima. Sumir hafa ekki þann kost að vera í fríi milli jóla og nýárs og mér finnst að starfsmenn þurfi að virða það.
- Við vorum mjög ósátt með hvernig var staðið að þessu síðast. Það er sagt að það sé opið en hringt tvisvar til þess að láta vita að ekki verði neinn starfsmaður sem barnið þekki og hvort við viljum örugglega hafa barnið í leikskólanum. Eiginlega þrýst í þá áttina. Endaði svo á að barnið var heima en við borguðum fullt gjald. Annað hvort hafa bara lokað eða hafa starfsemina almennilega.
- Vil þó hafa kost á því að mæta með barn/börn ef plön breytast. T.d var maðurinn minn í vinnunni og ég var veik yfir þessa daga. Þá hefði verið betra að geta farið með börnin min i leikskólan þá daga.
- Vinn sjálf og leikskóla, gott að taka það framm að þessa daga milli jóla og nýárs er þetta nær eingöngu gæsla, engin dagskrá í gangi eins og venjulega og oft þó nokkur börn í fríi.
- Virkilega ánægð með þetta fyrirkomulag
- Vissulega er viðvera með börnum mikilvæg og þá einna helst á þessum tíma árs. Þó ég sjálf hafi ávallt haft tök á því að hafa barnið mitt í fríi milli jóla og nýárs og ekki þurft að nýta mér leikskólan á þeim tíma geri ég mér samt sem áður grein fyrir því að flest fólk þarf að mæta til vinnu (og ég sjálf síðar meir, en er nú í námi). Þetta eru einfaldlega almennir virkir dagar og fólki gert að mæta til vinnu á þessum dögum, m.a. foreldrum barna sem eru á leikskóla.
- Það á að loka leikskólum á milli jóla og nýárs. Gefa starfsfólki frí eins og er gert í grunnskólum. Ég vil hvetja Hafnarfjarðarbæ í að vera leiðandi í þessum efnum. Ef Hafnarfjarðarbæ er alvara í að efla leikskóla bæjarins þá í guðanna bænum gerið eitthvað í kjaramálum og aðstöðumálum. Takið af skarið og setjið mikla peninga í þetta. Ef foreldrar þurfa að borga meira í leikskólagjöld þá endilega, bara ef peningarnir skila sér til leikskólanna.
- Það ætti að hafa svona fyrirkomulag alla daga - bara greiða fyrir þær klst. sem barnið er á leikskólanum, stimplað inn og út.
- Það er gott að hafa færi á að senda barnið í leikskóla ef þess er þörf, mér finst alveg eðlilegt að borga aukalega fyrir það.
- Það er kannski auðvelt fyrir fólk að redda 2 dögum er erfitt þegar það er lengra frí og getur sett foreldra í erfiða stöðu að loka alveg en það má bjóða uppá að veita frí svo starfsmenn geti skipt með sér dögum. En þetta hefur líklega mest áhrif á tekjuminni hópa því þau geta síður tekið sér frí. En mjög jákvætt að reyna veita starfsfólki frí eins og unnt er.
- Það skiptir svosem ekki miklu máli fyrir mig sem foreldri, ég mun alltaf kjósa að hafa barnið hjá mér milli jóla og nýárs. Frábært samt fyrir foreldra að hafa val, því sumir geta hreinlega ekki verið heima vegna vinnu :-)

- Það væri mjög gott að hafa val um hvort barnið sé í vistun þessa daga eða ekki og frábært ef gjald er felld niður fyrir þá daga sem barnið er ekki í skólanum
- Það verður að taka tillit til þeirra foreldra sem að geta ekki tekið frí og það væri afturhvarf í þjónustu bæjarins að ætla að loka leikskólanum. Frekar ætti að reyna að veita foreldrum meira frelsi til að ákvarða jóla- og sumarfrí.
- Það vildi svo til að það var auðvelt fyrir annað okkar að vera í frí milli jóla og nýárs, en ég get alveg ímyndað mér að það komi upp sú aðstaða milli jóla og nýárs að það verði erfitt. Þess vegna er ég mótfallinn því að loka leikskólanum alfarið milli jóla og nýárs.
- Þarf að passa að þeir sem hafa ekki tök á að vera í frí milli jóla og nýárs hafi stað fyrir börnin. Annað gæti valdið mikilli streitu fyrir heimilið.
- Þó að við höfum getað notið jólafrís þessa 2 daga í þetta sinn er alls ekki víst að það gerist aftur og það eru ekki nálægt því allir svo heppnir. Að þurfa ekki að greiða fyrir frídagana er frábært fyrirkomulag en aftur á móti yrðu margir í vandræðum ef ákveðið er að loka, það er ekki hlaupið að því að pössun á þessum tíma og erfitt fyrir marga að eyða frídögum á þessum dögum til viðbótar við starfsdagana.
- Þurfti að skrá fríð of snemma og engin leið fyrir mig að vita hvort verkefnastaða á vinnustað myndi leyfa frítöku